

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 9. október 2023  
Málsnúmer: 202309-0043  
BK

## Efni: Hlið ferðaþjónusta – framkvæmdir innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár

Vísað er til tölvubréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 28. september 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn frá Hlið Ferðaþjónustu um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár.

Um er að ræða uppfærslu á mannvirkjum sem þegar eru til staðar, það er snyrtinga- og baðaðstöðu á tjaldsvæði og þjónustusvæði. Eldri snyrting á suðursvæði tjaldsvæðis verður rifin og þangað flutt snyrtingahús sem nú er staðsett á þjónustusvæðinu Nýhóli. Á þjónustusvæðinu stendur svo til að fjarlægja núverandi baðhús og byggja nýtt sameinað bað- og snyrtingahús. Þá yrði sex smáhýsum (9 m<sup>2</sup>) skipt út fyrir fjögur stærri (18,8 m<sup>2</sup>) og skjólveggur reistur í kringum sorpgáma.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér fyrirhugaðar framkvæmdir og gerir ekki athugasemdir við þær.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, svið náttúruverndar

